

Skýrsla stjórnar FEBG til aðalfundar 7. júní 2021

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til aðalfundar Félags eldri borgara í Garðabæ. Sérstaklega býð ég velkomna gesti fundarins sem eru Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Björg Fenger, forseti bæjarstjórnar, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Garðabæjar og Helgi Pétursson, nýkjörinn formaður Landssambands eldri borgara. Herra - mennirnir voru bundnir á öðrum fundum en eru væntanlegir.

Áður en við göngum til starfa er við hæfi að við minnumst þeirra úr okkar hópi sem kvatt hafa þennan heim frá síðasta aðalfundi. Þeir eru því miður margir. Við minnumst þeirra allra með virðingu og þökk með því að rísa úr sætum.

Á síðasta aðalfundi félagsins, sem haldinn var þann 24. febrúar 2020 voru eftirtaldir kjörnir til stjórnar: formaður Stefanía Magnúsdóttir, aðrir í stjórn Sigurður Símonarson, Guðlaug Ingvarsdóttir, Hildigunnur Hlíðar og Kolbrún Thomas. Til varastjórnar voru kjörin Sigurður B. Ásgeirsson, Jón Gunnar Pálsson og Laufey Jójhannsdóttir. Aðalstjórn skipti með sér verkum þannig að Sigurður gegnir starfi varaformanns, Guðlaug gjaldkera, Hildigunnur ritara og Kolbrún meðstjórnanda. Þess má geta að aðal- og varastjórn starfa sem ein heild og enginn greinarmunur gerður þar á. Öllu stjórnarfólki færi ég alúðarþakkir fyrir gott samstarf. Stjórnarfundir voru 9 á árinu og það fylgir slíkri stjórnarsetu töluvert amstur og umstang en auk bókaðra funda eru margir samráðsfundir og viðvik sem þarf að sinna, fundir og ráðstefnur sem þarf að sækja o.fl.

Undirbúningur fyrir skemmtanir og ferðalög taka venjulega sinn tíma líka en vegna Covid hefur ótrúlega margt breyst en aldeilis ekki til hins betra. Við náðum að halda þorrablót og síðan ekki söguna meir. Aðalfundurinn 2020 var eins og áður sagði þann 24. febrúar og tveim dögum síðar var viðtal við formann um starfsemi félagsins. Upp var þulið allt mögulegt og lýst fjálglega hversu mikil starfsemi væri hjá okkur. Viðtalið, sem var á vegum Hringbrautar var ekki sýnt í fyrsta sinn fyrr en 30. mars en þá var EKKERT – nákvæmlega ekkert að gerast hjá okkur.

Formaður hefur setið í kjaranefnd Landssambands eldri borgara en því miður hefur lítill árangur komið út úr mikilli vinnu þeirrar nefndar. Árlegt blað LEB kom út í júní en formaðurinn situr einnig í ritnefnd.

Málsóknarsjóður Gráa hersins var stofnaður af 33 félögum eldri borgara en tilgangur sjóðsins er að kosta málarekstur einstaklinga gegn íslenska ríkinu fyrir dómstólum, þar sem látið verði reyna á gildandi ákvæði um skerðingar ellilífeyris og heimilisuppbótar almannatrygginga vegna annarra tekna ellilífeyristaka.

Fyrsta fyrirtaka dómsmálanna þriggja sem þrjú félagar í Gráa hernum hafa höfðað á hendur TR og ríkinu fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur 26. nóvember 2020 í miðju kófi. Það hefur tekið óratíma að þoka þessum málum áfram og ástandið í þjóðfélaginu hefur auðvitað haft sitt að segja. Búið er að leggja mikla vinnu í undirbúning, t.d. er komin heimasíða: Graiherinn.is og einnig er Facebook síða. Það eru vissulegar deildar meiningar um þetta mál innan eldri borgara-samfélagsins en við búum í réttarríki og því er dómstólaleiðin sú eina rétta til að útkljá ágreininginn. Ljóst er að þetta er fjárfrek aðgerð og hafa margir lagt hönd á plóg. Mestu munar um að VR hefur gerst bakhjarl verkefnisins. Allar upplýsingar liggja fyrir á heimsíðunni. Sú, sem hér stendur, er í varastjórn málsóknarsjóðsins

Að venju höfum við opna skrifstofu einu sinni í viku og skiptir stjórnarfolk með sér viðverunni en auk þess hefur formaður haft mikla viðveru á skrifstofu félagsins.

Starfsfólki í Jónshúsi færi ég innilegar þakkir fyrir frábært samstarf. Öllum öðrum sem koma að starfi félagsins færi ég þakkir. Ef allt væri eins og áður var – þ.e.a.s fyrir Covid – myndi ég þakka Kvenfélagi Garðabæjar, Lionsklúbbi og Oddfellow kærlega fyrir þeirra framlag í þágu eldri borgara á árinu en það fór sem fór. Vonandi breytist það á næsta starfsári og við notið aftur gestrisni þessara góðu félaga-samtaka hér í bænum okkar.

Dagskrá félagsstarfsins hefur verið með ólíkum hætti og áður. Gönguklúbburinn hefur sýnt ótrúleg þolgæði og fólk lætur ekki veður eða vinda eða sjálf Covid á sig fá og fer í göngu alla virka morgna kl 10 héðan frá Jónshúsi. Qi gong fór vel af stað í byrjun síðasta árs en það fór fram í Sjálandsskóla tvisvar í viku og þar er Ástbjörn Egilsson, fyrrverandi formaður félagsins í forsvari. Stólajógað, Zumbað og línudansinn fór allt vel af stað þarna í byrjun árs en í byrjun mars var allt stopp og það sama gilti um dansleikfimina. Félagsvist og bridge voru í blóma þar til allt var bannað. Sú félagslega samvera verður seint ofmetin og óskandi að félagslífið geti orðið eðlilegt þegar margumtöluðu hjarðónæmi er náð.

Við þurfum heldur betur að slá í um leið og hægt verður og reyna að ná upp þeim tíma sem hefur farið til spillis í kófinu. Við vitum öll að skemmtileg og holl samvera skilar sér margfalt tilbaka. Það sem skiptir höfuðmáli er að fólk hafi val um hvers konar samvera henti því og hafi bæði ánægju og gagn af því sem valið er og það er markmið okkar sem sitjum í stjórn FEBG að bjóða upp á það sem hentar sem flestum.

Vegna Covid-19 fór af stað ný bylgja umræðu um nauðsyn hreyfingar og hvað hreyfing getur gert fyrir mannlíkamann. Á undanförunum árum hefur verið markvisst unnið að heilsuefningu í nokkrum sveitafélögum eftir leikreglum Dr. Janusar Guðlaugssonar. Samkvæmt rannsóknum á hverju þetta skilar þá má ætla að verið sé að seinka öldrun verulega og bæta líðan, bæði líkamlega og andlega. Fólk minnkar lyfjanotkun, sefur betur, vöðvamassi eykst, matarræði batnar og blóðþrýstingur lækkar. Hvað er hægt að gera betra? Öll hreyfing kemur að gagni en markviss þjálfun gerir þetta enn betur. Við höfum verið í viðræðum við Janus – byrjuðum á þeim viðræðum fyrir rúmlega þrem árum - en nú vonum við, að samningar náist þannig að hægt verði að bjóða upp á námskeið í hans anda. Önnur hreyfing má að sjálfsögðu ekki líða fyrir það stóra verkefni og stefnt að því að bjóða upp á alla þá hreyfingu sem í boði hefur verið á vegum félagsins.

Á síðasta ári voru skipulagðar ferðir til Siglufjarðar sem fyrst var frestað fram í ágúst en síðan slegin af. Borgarfjarðarferð var í umdirbúningi fyrir haustið en af henni gat ekki orðið frekar en hinni innanlandsferðinni. Ferð til Riga var einnig skipulögð og frestað þar til útséð var um að ekki væri heldur hægt að fara í hana.

Öldungaráð bæjarins hefur fest sig í sessi en formaður þess er Almar Guðmundsson, bæjarfulltrúi. Það er mikilvægt að hafa aðgang inn í bæjarstjórn með málefni sem varða hag eldra fólks. Fulltrúar okkar eru sú sem hér stendur og Sigurður Símonarson, varaformaður félagsins en hann tók við af Ástbirni þegar sá síðarnefndi flutti úr bænum.

Þá ber að fagna því að fulltrúi eldra fólks í bænum sé í íþrótt- og tómstundaráði bæjarins og þar með séu allir bæjarbúar hluti af því góða starfi sem þar fer fram en Björg Fenger fer með formennsku þar af mikilli röggsemi og er aldeilis frábært að fá að vera með í því.

Hjartans þakkir fyrir frábæra mætingu á þennan fund og megi starf eldri fólks og mannlíf allt í Garðabæ blómstra sem aldrei fyrr.